

# Aðalfundur Kletts

haldinn á Akureyri 29. september 2017

## Ályktanir frá fundinum - til 33. aðalfundar LS

### 1. Veiðiheimildir

- 1.1 Aðalfundur Kletts lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf. Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.
- 1.2 Aðalfundur Kletts leggur til að bátar án aflahlutdeildar fái að flytja aflamark milli fiskveiðiára til að tryggja samfelldar veiðar þeirra. Aflamark sem fengist flutt milli ára yrði hlutfall að veiði viðkomandi báts. Heimild til að geyma aflamark milli ára verði bundið 100% veiðiskyldu.
- 1.3 Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.
- 1.4 Aðalfundur Kletts ítrekar fyrri ályktanir um að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum. Ívilnun verði sú sama á alla línubáta og komi á fyrstu 4.000 þorskígildin.
- 1.5 Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðiaríð eitt tímabil.
- 1.6 Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld og ráðherra að beita sér fyrir því að strandveiðiafli telji til viðmiðunar til VS heimildar líkt og allur annar afli gerir.

## 2. Strandveiðar

- 2.1 Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld og ráðherra að efla strandveiðar enn frekar og tryggja samfelldar veiðar 4 daga í viku í fjóra mánuði í samræmi við áður framkomnar tillögur strandveiðinefndar LS.
- 2.2 Aðalfundur Kletts leggur til að hægt verði að segja sig úr strandveiðum um hver mánaðamót.
- 2.3 Aðalfundur Kletts leggur til að ólögmætur umframaflí á strandveiðum dragist ekki frá sameiginlegum heildarpotti.
- 2.4 Aðalfundur Kletts leggur til að eigendaákvæðið í strandveiðikerfinu verði fellt út.
- 2.5 Aðalfundur Kletts leggur til að strandveiðar verði ekki heimilar á mánudeginum eftir sjómannadag.
- 2.6 Aðalfundur Kletts leggur til að strandveiðar verði ekki heimilar á fimmtudeginum fyrir verslunarmannahelgi.
- 2.7 Verði strandveiðkerfið óbreytt er það ósk Kletts að strandveiðipotturinn innan svæðis B vixlist í maí og ágúst.
- 2.8 Aðalfundur Kletts leggur til að ufsi telji ekki til aflamarks á strandveiðum.

## 3. Makrill

- 3.1 Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl og vega að einhverju leyti á móti rányrkju tegundarinnar með því að gefa krókaveiðar á makríl frjálssar á grunnslóð.

## 4. Stjórn fiskveiða

- 4.1 Aðalfundur Kletts mótmælir þeim miklu álögum og gjöldum sem smábátaútgerð sætir, svo sem í formi veiðigjalda og alls kyns eftirlits og þjónustukostnaðar. Stóraukinn kostnaður síðustu ára, ásamt óskilvirku regluverki, hefur rýrt rekstrarhæfi margra útgerða og eru þessi gjöld orðin útgerðum mjög íþyngjandi. Klettur styður ályktun stjórnar LS um veiðigjöld.

- 4.2 Aðalfundur Kletts telur tímabært að rýmka ákvæði um veiðarfæratakmörkanir sem bátar með krókaafلامarksleyfi sæta.

Greinargerð.

Skoða ætti að heimila að einhverju leyti staðbundin veiðarfæri innan kerfisins (net), hvort sem það er gert með sérveiðileyfum eða almennri breytingu á veiðikerfi krókaafلامarksbáta. Slík ráðstöfun yrði til að auka sveigjanleika og bæta afkomu smábátaútgerðar til annarra veiða t.d. með síldar-, skötusels-, grálúðu- og kolanetum.

Auk þess mundi það leiða til bættrar afkomu fyrir útgerð krókabáta að heimila netaveiðar á ufsa og þorski. Einnig myndu möguleikar smábátaútgerðarinnar til að nýta aflaheimildir í ufsa batna við slíka ráðstöfun.

- 4.3 Klettur telur brýnt að tryggð verði virkari verðmyndun á fiski m.a. með því að tryggja með reglum, aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum.

- 4.4 Aðalfundur Kletts fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuvinnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrunar og spillingar.

- 4.5 Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta til að tryggja sem best öryggi þeirra.

- 4.6 Aðalfundur Kletts styður tillögu Snæfells um reglugerðarhólf á handfæraveiðum (tillaga nr. 14).

- 4.7 Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðarlokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfna vegna smáfisks á handfæri og línu falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin.

- 4.8 Aðalfundur Kletts skorar á ráðherra að gera breytingar á lúðubanni og leyfa öllum veiðarfærum að landa lúðu sem meðafla.

- 4.9 Aðalfundur Kletts leggst gegn sameiningu krókakerfis og aflamarkskerfis.

## 5. Grásleppa

- 5.1 Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 20. mars á svæði E.
- 5.2 Aðalfundur Kletts leggur til að stækkun grásleppuleyfa verði einungis gerð með sameiningu leyfa. Jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi á báta, þannig að bátur geti stundað veiðar með fleiri en einu leyfi og mætt þannig kröfu um aukna hagræðingu.
- 5.3 Aðalfundur Kletts fer þess á leit við starfandi ráðherra hverju sinni að hann vandi vinnubrögð og ákvarðanatöku um lengd veiðitíma á grásleppu, óvönduð vinnubrögð ollu mörgum grásleppuútgörðum tjóni í vor 2017.
- 5.5 Aðalfundur Kletts leggst alfarið á móti kvótasetningu á grásleppu.

## 6. Veiðigjöld

- 6.1 Aðalfundur Kletts krefst þess að veiðigjöld verði lækkuð. Einnig að gerð verði breyting á innheimtu þeirra á þá leið að innheimt sé fyrir úthlutun aflamarks en ekki veiddan afla.